

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	06. 02.2013
Fundarmenn:	Anna María Bjarnadóttir, Brynhildur Grímsdóttir, Berglind Svavarsdóttir, Sigurður Grétarsson og Selma Guðmundsdóttir. Særún Sigurjónsdóttir varamaður
Fjarverandi:	Erna Arnarsdóttir, Hörður Sigurðsson
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Anna María setti fundinn kl. 19.40

2. Samskipti skólans og foreldrafélagsins.

Gestur fundarins var Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri Álfhólsskóla. Aðspurð um hvernig hún sæi fyrir sér starfsemi foreldrafélagsins m.t.t. samskipta á milli skólans og foreldrafélagsins, kvaðst hún vilja hafa samskiptin meiri og kvaðst hafa komið mun meira að starfseminni áður, eða fyrir sameiningu skólanna. Rætt um samspil skólaráðs, skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélagsins. Fundarmenn sammála um að reyna að auka þessi samskipti eftir megni, t.a.m. með aðkomu stjórnar foreldrafélagsins að skóladagatali ofl. Ýmis önnur sameiginleg hagsmunamál rædd s.s. starfsemi kórsins, Sigrún ætlar að tala við kórstjóra upp á að setja sér það að hafa ekki viðburði eftir miðjan desember, málefni Dægradvalar, gæsla í frímínútum, viðbrögð við einelti o.fl.

3. Námskeið Samkóps fyrir foreldrafélög

Formaður skýrði frá námskeiði á vegum Samkóps fyrir foreldrafélög sem var haldið Hörðuvallaskóla þann 21. janúar og 5. febrúar s.l.

4. Undirbúningur fyrir fulltrúaráðsfund í febrúar.

Halda á fulltrúaráðsfund þriðjudag 19. feb. kl. 20:00.

Ákveðið er að Helga Margrét Guðmundsdóttir, tómsunda- og félagsmálafræðingur verði með námskeið og fræðslu fyrir bekkjarfulltrúa.

5. Undirbúningur fyrir fræðslunámskeið um einelti.

Fræðslufundur um einelti verður haldinn 5. mars n.k. Fyrirlesari verður Björn frá Heimili og skóla.

6. Umsókn um styrk.

10. bekkur sækir um styrk til útskriftarferðar í vor. Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 100.000.

7. Önnur mál.

- Framundan hjá foreldrafélagi:
 - Stefnt er á sameiginlegan fund með skólaráði, nemendaráði, skólastjóra og stjórn foreldrafélagsins. Engin dagsetning hefur verið ákveðin.

- Páskabingó 16. mars.

8. Fundi slitið

Anna María sleit fundi kl. 22:15